

**Fjármála- og efnahagsráðuneytið**  
**M i n n i s b l a ð**

Viðtakandi: **Utanríkismálanefnd**  
Sendandi: **Fjármála- og efnahagsráðuneytið**  
Dagsetning: **08.12.2013**  
Málsnúmer: **FJR13090058**  
Bréfalykill: **3.7**

Efni: Frumvarp til nýrra laga um greiðslur yfir landamæri í evrum: Útvíkkun gildissviðs reglugerðar (EB) nr. 924/2009.

Með fyrirspurn þann 21. nóvember sl. óskaði utanríkismálanefnd eftir svörum við því hvort tekið hafi verið til skoðunar að útvíkka gildissvið reglugerðar (EB) nr. 924/2009 (reglugerðin) með þeim hætti að hún taki almennt til greiðslna í erlendum gjaldmiðlum.

Heimild reglugerðarinnar til útvíkkunar á gildissviði, skv. 2. mgr. 1. gr., sbr. 14. gr., nær eingöngu til gjaldmiðils viðkomandi aðildarríkis. Í tilviki Íslands til íslensku krónunnar. Því kemur ekki til skoðunar að útvíkka gildissviðið svo hún taki almennt til greiðslna í erlendum gjaldmiðlum. Ráðuneytið er auk þess ekki kunnugt um að nokkurt aðildarríki láti sambærilegar reglur og samkvæmt reglugerðinni gilda um aðra gjaldmiðla en evruna og viðkomandi innlendan gjaldmiðil.

Hvað varðar útvíkkun á gildissviði reglugerðarinnar til innlends gjaldmiðils þá er vert að nefna að Norðmenn hyggjast ekki nýta heimildina við innleiðingu gerðarinnar í norskan rétt. Í svari norska fjármálaráðuneytisins þann 28. nóvember sl. við fyrirspurn fjármála- og efnahagsráðuneytisins segir m.a. "*Our banks have higher transaction costs for cross-border transactions than domestic transactions. Such extension of the scope could consequently lead to significant and detrimental cross-subsidization of cross-border payments in NOK at the expense of domestic payments*".

Af þeim ellefu aðildarríkjum sem ekki hafa evruna sem lögeyri hafa aðeins tvö, Svíþjóð og Rúmenía, tilkynnt að þau hyggist nýta sér heimild til útvíkkunar á gildissviði gerðarinnar til greiðslna í innlendum gjaldmiðli. Álit haghafa á þeirri framkvæmd í Svíþjóð má lesa í rannsókn framkvæmdastjórnar ESB frá febrúar sl: "*Study on the impact of directive 2007/64/EC on payment services in the internal market and on the application of regulation (EC) No 924/2009 on cross-border payments in the community*." (sjá sérstaklega bls. 66-70). Í stuttu máli sagt þá eru skiptar skoðanir um ágæti þess að útvíkka gildissviðið til greiðslna í sænskum krónum.

Í rannsókninni kemur einnig fram að af þeim aðildarríkjum sem ekki hafa nýtt sér heimild til útvíkkunar á gildissviði reglugerðarinnar þá hefur aðeins Litháen framkvæmt mat á hugsanlegum áhrifum útvíkkunar. Niðurstaða matsins var að "*full equalisation was likely to be detrimental to users who make only domestic payments. However, according to the authority, as the SEPA project accelerates and cost structure of cross-border payments converges with national ones, this issue may be looked at again*."

Við vinnslu þessa minnisblaðs var aflað umsagnar frá Fjármálaeftirlitinu (FME), Seðlabanka Íslands (SÍ) og Samtökum fjármálafyrirtækja (SFF). Niðurstaða þess samráðs var einhuga. Aðilar eru sammála um að varhugavert sé að útvíkka gildissvið reglugerðarinnar; slíkt hefði væntanlega neikvæð kostnaðarleg áhrif á notendur greiðsluþjónustu innanlands. Í ljósi ofangreinds þá er fjármála- og efnahagsráðuneytið þeirrar skoðunar að ekki sé ráðlegt að svo stöddu að útvíkka gildissvið reglugerðarinnar við innleiðingu í íslenskan rétt.